



FLENSBORGARSKÓLINN Í HAFNARFIRÐI

Sjálfsmat skólaárið 2007 – 2008



Megin skýrsla

Skýrsla sjálfsmatshóps

Umsjón: Unnar Örn Þorsteinsson

Efnisyfirlit

	bls
Matsyfirlit	3
Aðgerðaráætlun	6
Inngangur	9
Aðferð við mat	11
Próun matstækja	12
Val þátttakenda.....	14
Gagnasöfnun	14
Greining gagna	16
Útkoma	16
Kennara/áfangamat.....	16
Opin spurning í áfangamatinu	16
Móttaka nýrra starfsmanna.....	17
Forvarnir.....	17
Skýrslur deilda.....	17
Hlýtt á nemendur	18
Útskriftarnemar, vorið 2008	18
Mötuneyti.....	18
Tornbjerg – Gym	19
Niðurstöður/umræða.....	19
Lokaorð og ábendingar.....	22
Heimildir.....	25
Viðauki (sjá hefti með viðaukum).....	
Viðauki 1 Kennaramat/Áfangamat.....	
Viðauki 2 Móttaka nýrra starfsmanna – sérstakt verkefni	
Viðauki 3 Forvarnir/Þátttaka í tölvuleikjum – sérstakt verkefni.....	
Viðauki 4 Skýrsla samfélagssviðs 2006-2007	
Viðauki 5 Skýrsla málavæðis 2006-2007	
Viðauki 6 Skýrsla raungreinasviðs 2006-2007	
Viðauki 7 Dreifing einkunna.....	
Viðauki 8 Skammtíma sjálfsmatsáætlun.....	
Viðauki 9 Langtíma sjálfsmatsáætlun.....	
Viðauki 10 Hlýtt á nemendur	
Viðauki 11 Útskriftarnemar vorið 2008	
Viðauki 12 Mötuneyti.....	
Viðauki 13 Tornbjerg-Gym	

Matsyfirlit/helstu niðurstöður/útkoma

Helstu niðurstöður úr sjálfsmati við Flensborgarskólann í Hafnarfirði skólaárið 2007 – 2008 eru eftirfarandi

Samantekt um kennara	Fimmur	Fjarkar	Pristar	Tvennur	Ásar	Ekki	Fjöldi	Meðalt.	St.fráv.
Þetta var góður áfangi.	172	283	171	53	40	0	719	3,68	1,08
Lesefni áfangans reyndi á mig.	200	281	161	53	18	0	713	3,83	1,00
Ég skrópaði meira í þessum áfanga en öðrum.	18	49	153	132	364	0	716	1,91	1,10
Ég lagði meira á mig í þessum áfanga en öðrum.	81	238	303	73	18	0	713	3,40	0,91
Ég fékk reglulega vitnisburð um námslega stöðu mína í áfanganum.	107	291	183	91	39	0	711	3,47	1,07
Kennarinn var tilbúinn að breyta áætlun til að koma til móts við þarfir nemenda.	152	229	211	77	47	0	716	3,50	1,13
Það var auðvelt að skilja aðalresefni áfangans.	100	244	196	108	64	0	712	3,29	1,15
Verkefni hjálpuðu mér að skilja námsefnið betur.	186	307	143	52	22	0	710	3,82	1,00
Námsefni áfangans var of erfitt fyrir mig.	53	125	260	193	77	0	708	2,83	1,08
Markmið áfangans voru vel útskýrð.	143	294	179	70	21	0	707	3,66	1,00
Námsefnið féll vel að markmiðum áfangans.	129	343	199	25	12	0	708	3,77	0,84
Nemendur fengu tækifæri til þess að spyrja spurninga.	320	290	57	27	16	0	710	4,22	0,91
Kennarinn nýtti kennslustundirnar vel.	295	261	104	34	15	0	709	4,11	0,97
Mér fannst auðvelt að spyrja spurninga í þessum tímum.	240	251	136	54	28	0	709	3,87	1,08
Það var nauðsynlegt að mæta í tíma til að ná góðum tókum á námsefninu.	324	249	96	22	17	0	708	4,18	0,95
Ég bjó mig vel undir tíma í þessum áfanga.	29	192	317	126	47	0	711	3,04	0,94
Kennarinn fylgdi kennsluáætlun vel eftir.	183	355	144	15	11	0	708	3,96	0,83
Þessi kennari var framúrskarandi.	214	233	161	50	54	0	712	3,70	1,19
Samtals	2946	4515	3174	1255	910	0		3,57	

Hvað líkaði þér best við þennan áfanga?

- Kennsluáætlun
- Skipulag
- Kennsluaðferðir
- Vel útskýrt námsefni
- Verkefni
- Glósur
- Náms efnið
- Vinnuanda
- Verklegar æfingar og tilraunir
- Tillitssemi og hjálpssemi

Hvað líkaði þér verst við þennan áfanga?

- Álag
- Skort á upplýsingum
- Truflun frá öðrum nemendum
- Tölvubúnað
- Viðhorf til nemenda
- Kennslubókin erfið

Hvernig heldur þú að það sé hægt að bæta þennan áfanga?

- Veita betri upplýsingar vegna ritgerða
- Fara í vettvangsferðir
- Laga aðstöðu til tilrauna
- Jákvæðara viðhorf til nemenda
- Bæta tölvuaðstöðu

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram?

- Góður kennari
- Mikil truflun í tímum
- Tölvukerfi skólans þarf að vera í lagi

Móttaka nýrra starfsmanna – Hvað líkaði þér best?

- Ráðningaferlið virðist í góðu lagi.
- Gott að hafa aðgang að kennarahandbókinni.
- Aðstoð við að komast inn í starfið er ágæt.
- Útskýring á starfsemi skólans er ágæt.
- Vinnuaðstaðan er ágæt.

- Móttaka almennt í skólanum er ágæt.

Móttaka nýrra starfsmanna – Hvað líkaði þér verst?

- Ákvörðun um ráðningu var tekin seint.
- Kennarahandbókin var ekki mikið notuð.
- Vinnuaðstaðan mætti vera rýmri.

Móttaka nýrra starfsmanna – Hvernig heldur þú að sé hægt að bæta móttöku nýrra starfsmanna?

- Einhver tengiliður sem maður getur haft samband við.
- Það má kenna betur á tölvukerfi skólans (innu og námsnetið).
- Það má funda með nýjum kennurum þegar kemur að viðburðum í skólanum.

Móttaka nýrra starfsmanna – Annað

- Auðvelt að leita sér upplýsinga.
- Gott að minna á ýmiss atriði eins og fjarvistarstig.
- Mötuneytið mætti vera betra.
- Minna kennara á að nota „reply to all“ ekki of mikið.

Forvarnir – Þátttaka í tölvuleikjum

- Reikna má með að um það bil 30 til 35 nemendur eigi við vanda að stríða þegar kemur að tölvuleikjum.

Skýrslur deilda

- Kennarar hafa áhyggjur af lélegri mætingu nemenda.
- Tækjasalurinn í íþróttahúsinu við Strandgötu er vanbúinn.
- Viðskiptagreinakennara vilja læstar hirslur í sínar stofur.
- Ítrekað er að í stofu félagsgreina sé alltaf til staðar DVD tæki, vídeó tæki með teljara og kort (Íslands og heims).

- Kennarar upplýsinga- og fjölmiðlabrautar vilja lengja sérsvið brautarinnar úr einni önn í tvær.
- Raungreinakennarar hafa áhyggjur af vankunnáttu nemenda við ritun heimildaritgerða.
- Raungreinakennari lýsir yfir áhyggjum af sleppikerfi vegna þess að nemendur geta valið sig frá áföngum sem í eru lokapróf.
- Raungreinakennarar spyrja hvort ekki eigi að gera almennar lágmarkskröfur til nemenda sem fara erlendis á vegum skólans eða taka þátt í verkefnum fyrir skólann.
- Dönskukennarar kenna eigið námsefni.
- Unnið er að því að kennarar í dönsku komi í samvinnuverkefni við Tornbjerg-Gym.
- Ekki er ljóst hvort samstarfi dönskukennara við Falkonergarden verði haldið áfram.
- Enskukennarar hafa átt samstarf við grunnskólakennara bæjarins.
- Enskukennari hefur verið í þverfaglegu samstarfi við Tornbjerg-Gym.
- Frönskukennari hefur verið í samstarfi við kennara í MS.
- Nemendur hafa tilhneigingu til að eigna sér verkefni af vefnum.
- Kvartað er yfir því að hópar í hægferðum séu of stórir.

Hlýtt á nemendur - Álag

- Dreifa prófum og verkefnum betur.
- Námsálag hóflegt.

Hlýtt á nemendur – mötuneyti

- Almennt nýta nemendur mötuneytið.

- Þjónustan er góð.
- Vöruúrval mætti vera betra (hollusta í bland við óhollustu).
- Kalt í matsalnum.
- Hátt verðlag.

Útskriftarnemar.

- Viðhorf til menntunar er gott.
- Aðstaða til náms er góð.
- Útskriftarnemar taka ekki sterka aðstöðu til félagslífs í skólanum.
- Útskriftarnemar eru í heild ánægðir með veru sína í skólanum.
- 47% útskriftarnema hyggur á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi.
- 32% útskriftarnema hyggur ekki á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi.
- 21% útskriftarnema hefur ekki ákveðið hvað við tekur að loknu stúdentsprófi.

Mötuneyti - Starfsmenn

- 63% þátttakenda er sjaldan eða aldrei ánægður með mötuneytið.
- 55% þátttakenda er ekki ánægður með fæðið.
- 39% þátttakenda vill sérfæði.
- 88% þátttakenda vill fjölbreytt vöruúrval.
- 66% þátttakenda vill panta sér mat fyrir vikuna ef það lækkar verð.
- Undir liðin annað taka starfsmenn fram að þjónustan sé góð.
- Hátt verðlag.

Tornbjerg-Gym

- Allir þátttakendur (nemendur) vilja halda samstarfinu við Tornbjerg – Gym áfram.

Aðgerðaáætlun

Líkt og undanfarin ár var útkomu úr kennaramati síðasta skólaárs komið til viðkomandi kennara eins fljótt og mögulegt var. Útkoma úr kennaramatinu ber ekki með sér að grípa þurfi til sérstakra aðgerða. Tölvur í einstaka stofum (B302 og M304) hafa verið uppfærðar. Ekki er búið að skrá sögu beinagrindar skólans, eða koma plöntu og skeljasafni hans betur fyrir. Breytingar á Miðhúsi hófust í byrjun júní og reiknað er með því að þeim verði lokið fyrir byrjun skólaársins 2008 til 2009. Einhverjir kennarar innan skólans ætla að kynna sér leiðir að mismunandi námsmati, en Háskóli Íslands verður með slíkt námskeið haustið 2008. Aðstaða í viðtalsherbergjum hefur verið bætt með tölvutengingu, borðum, stólum og myndum á veggjum. Búið er að hengja útskriftarmyndir liðinna ára á veggjum skólans. Smátt og smátt tynast listaverk skólans úr geymslum. Aðstaða til tölvukennslu hefur verið bætt með nýrri tölvustofu. Tölvutengdum tækjum í raungreinum hefur enn ekki verið komið í samband. Í LOK áfanganum er nemendum kynnt rækilega þeir möguleikar á framhaldsnámi sem í boði eru að loknu stúdentsprófi. Verðlaun voru veitt þeim nemanda sem sýnt hefur mestar framfarir (virðisauka) frá því viðkomandi hóf nám við skólann.

Útkomu kennaramatsins var komið í hendur viðkomandi kennara fljótlega eftir að hún var tilbúin. Skólameistari átti viðtöl við kennara í framhaldi af því. Það er mat sjálfsmathópsins að útkoman úr kennaramatinu hafi í heild sinni verið jákvæð og ekki brýn ástæða til tafarlausra aðgerða. Hins vegar koma fram ábendingar í opnum spurningum matsins um hvað gangi vel, hvað gangi ekki eins vel, hvað megi bæta og aðrar upplýsingar. Í framhaldi af afhendingu gagna var lögð áhersla á að kennarar skoði niðurstöðurnar ítarlega og taki þær til umræðu og meti viðbrögð. Kennarar eru því hvattir til þess að reyna að skapa gott og jákvætt starfsumhverfi, vinna skipulega, beita fjölbreyttum kennsluaðferðum, skapa umræður og reyna að gera námið skemmtilegt, áhugavert og fræðandi, og koma í veg fyrir að nemendur trufli kennslu.

Móttaka nýrra starfsmanna virðist í góðu lagi hvað varðar ráðningaferli, kennarahandbók, aðstoð við að komast inn í starfið, útskýringu á starfsemi skólans, vinnuaðstöðu og móttöku almennt í skólanum. Þátttakendur bentu hins vegar á að ákvörðun um ráðningu væri í sumum tilfellum tekin seint, kennarahandbókin væri ekki mikið notuð, og að vinnaaðstaðan mætti vera rýmri. Bæta mætti móttöku nýrra

starfsmanna með tengilið sem þeir gætu sett sig í samband við þegar á þyrfti að halda. Kenna mætti betur á innu og námsnet skólans, og funda stuttlega með kennurum þegar kemur að viðburðum í skólanum. Því er lagt til að ráðinn verði “tengiliður” eða umsjónarmaður sem sér um móttöku nýrra starfsmanna og aðstoðar þá við aðlagast þeirri starfsmanna menningu sem er í Flensborg.

Skýrslur deilda – Félagsfræðasvið. Í skýrslu samfélagsgreinasviðs koma fram áhyggjur af lélegri mætingu og ástundun nemenda. Íþróttakennarar segja tækjasalinn í íþróttahúsinu við Strandgötu vera vanbúin. Kennarar í viðskiptagreinum vilja læstar hirslur í sínar stofur. Ítrekað er að í stofu félagsgreina sé alltaf til staðar DVD tæki, vídeó tæki með teljara, og heims- og Íslandskort. Kennarar upplýsinga og fjölmiðlabrautar vilja lengja sérsvið brautarinnar úr einni önn í tvær. Lagt er til að kennarar reyni að sporna við lélegri mætingu og ástundun nemenda með þeim leiðum sem þeim þykir henta. Lagt er til að upplýsingum um ástand tækja í íþróttahúsinu við Strandgötu sé komið til réttra aðila (væntanlega yfirvöld bæjarins). Lagt er til að læstum hirslum verði komið fyrir í kennslustofur viðskiptagreinakennara, DVD tæki og vídeótæki með teljara ásamt heims- og Íslandskorti í kennslustofur félagsgreina. Einnig er lagt til að kennarar upplýsinga- og fjölmiðlabrautar hefði undirbúning lengingar sérsviðs brautarinnar úr einni önn í tvær.

Skýrslur deilda – Náttúrufræðasvið. Í stærðfræðideild koma fram áhyggjur af sleppikerfi þ.e. að nemendur þurfi ekki að fara í lokapróf ef vel gengur fram að því. Einnig koma fram áhyggjur af vankunnáttu nemenda við ritun heimildarritgerða. Lagt er til að líffræðistofa verði endurbætt, og að plöntu og skeljasafni skólans verði komið í betra horf. Gott væri að skrá sögu beinagrindar skólans. Lagt er til að tölvutengdum mælitækjum í efnafræði verði komið í samband. Einnig er lagt til að kennarar á náttúrufræðasviði skoði hvernig þeir geti leiðbeint nemendum betur við ritun heimildarritgerða.

Skýrslur deilda – Málasvið. Dönskukennarar hafa undanfarin ár samið eigið kennsluefni og það virðist ganga vel að kenna það efni. Dönskukennarar hafa átt í samstarfi við Falkonergarden í Kaupmannahöfn en óvísst er um framhald þeirrar samvinnu. Unnið er að því að dönskukennarar komi in í samvinnuverkefni við Tornbjerg-Gym í Óðinsvéum. Enskukennarar hafa átt samstarf við enskukennara í grunnskólum bæjarins, sem og tekið þátt í samstarfsverkefninu við Tornbjerg-Gym. Frönskukennari

skólans hefur verið í samstarfi og skipts á verkefnum við kennara í MS. Eitthvað ber á því að nemendur eignu sér verkefni af vefnum, en brugðist hefur verið við þessu með að vera með tímaritgerðir frekar en að sú vinna fari fram utan kennslustofunnar. Kvartað er yfir stórum hópum og oft erfiðum hópum í hægferðaráföngum. Lagt er til að reynt verði að fá dönskukennara meira inn í Tornbjerg-Gym verkefnið.

Hlýtt á nemendur – Almennt finnst nemendum námsálag vera hóflegt, en dreifa megi prófum og verkefnum jafnar yfir önnina. Almennt nýta nemendur mótuneyti skólans og finnst þjónustan þar góð. Vöruúrval mætti þó vera betra og gefa mætti kost á “óhollum” mat í sambland við hollustu. Nemendur kvarta yfir kulda í matsalnum og einnig að maturinn kosti mikið. Lagt er til að kennarar reyni að dreifa verkefna og prófaálagi betur yfir önnina, og að eitthvað sé gert til þess að draga úr kulda í matsalnum.

Mötuneyti – Starfsmenn. Sextíu og þrjú prósent (63%) þátttakenda er sjaldan eða aldrei ánægður með mótuneytið. Fimmtíu og fimm prósent þátttakenda er ekki ánægður með fæðið sem í boði er. Þrjátíu og níu prósent þátttakenda vill sér fæði, og 88% þátttakenda vill fjölbreytt vöruúrval. Sextíu og sex prósent þátttakenda vill þá sér mat fyrir vikuna ef það lækkar verð. Undir liðin annað taka starfsmenn fram að þjónustan sé góð, en verðlag hátt. Útkomu matsins hefur verið komið í hendur umsjónarmanna mótuneytisins. Aðstoðarskólameistari átti viðtal við umsjónarmann mótuneytisins í framhaldi af því. Í framhaldi af afhendingu ganga er rétt að útkoman verði skoðuð ítarlega, tekin til umræðu og viðbrögð metin.

Útskriftarnemar vorið 2008 – Viðhorf útskriftarnema til þeirra menntunar sem þeir fá er almennt gott. Aðstaða til náms er góð. Útskriftarnemar taka ekki sterka afstöðu til félagslífsins, en eru þó í heild ánægðir með veru sína í skólanum. Fjörtíu og sjö prósent (47%) nemenda hyggur á háskólanám strax næsta haust, 32% ætlar ekki í háskólanám næsta haust, og 21% nemenda hefur ekki ákveðið sig. Þátttakendur í þessu verkefni virðast ákveðnari hvað varðar framhaldsnám á strax að loknu stúdentsprófi en nemendur síðasta árs. Fleiri ætla ákveði í háskólanám og færri nemendur hafa ekki ákveðið sig. Vonandi ákveða fleiri nemendur í framtíðinni að fara strax í háskólanám að loknu stúdentsprófi. En í áfanganum LOK 171 er lagt áherslu á kynningu á því námi sem í boði er eftir að stúdentsprófi er lokið.

Forvarnir – þátttaka í tölvuleikjum. Tilgangurinn með þessu verkefni var að reyna að áætla umfang þátttöku nemenda í tölvuleikjum. Útkoman gefur til kynna að um það bil rétt rúmlega einn hópur ca 30 til 35 nemendur gætu átt við vanda að stríða hvað varðar þátttöku í tölvuleikjum. Útkoma verkefnisins hefur verið kynnt forvarnarfulltrúa skólans og nemendaverndarráði og lagt er til að þeir aðilar skoði útkomuna ítarlega, taki hana til umræðu og meti hvað sé til ráða.

Tornbjerg-Gym – Allir þátttakendur (nemendur) í þessu verkefni vilja halda því áfram. Hins vegar lítur út fyrir að nokkrir starfsmenn sem báru hitan og þungan af þessu verkefni ætli sér í leyfi á næsta skólaári. Því hefur verið unnið að því að koma þessu verkefni inn á borð til dönskukennara skólans þar sem þeir hafa reynslu af samstarfi sem þessu.

Sjálfsmatshópur Flensborgarskólans í Hafnarfirði hefur ákveðið að skilgreina framfarir eða virðisauka innan skólans sem eigindlega spurningu frekar en megindlega. Þannig fæst með einföldum hætti ágætt mat á virðisauka og framförum nemenda innan skólans þar sem bakgrunnur matsins eru þau verkefni sem nemendur vinna og sú reynsla sem kennarar hafa af samvinnu og samstarfi við nemendur. En í útskrift skólans vorið 2008 var nemandi veitt viðurkenning sem byggði á þessu mati (Svavar S. Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason, 2005; Doran, 2004; Denzin og Lincoln, 2000).

Inngangur

Tilgangur matsins er að leggja grunn að sívirknu umbótastarfi í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði til að bæta námsumhverfi, líðan og árangur nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans. Auk þess segir í lögum um framhaldsskóla að þeir eigi að innleiða aðferðir til sjálfsmats sem á að ná til allra þátta skólastarfsins.

Kennara/áfangamatið byggist á hugmyndum Arreola um slíkt mat sem eru birtar í bókinni *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Að auki byggist sjálfsmat Flensborgarskólans í Hafnarfirði á grunnhugmyndum Kurt Lewine um “starfendarannsóknir” (Marrow 1969). Að öðru leyti ráða verkefnin, sem liggja fyrir hverju sinni, hvaða rannsóknaraðferðum er beitt.

Frá haustinu 1998 hefur sérstakur stýrihópur haft umsjón með sjálfsmati skólans. Í fyrsta stýrihópnum sátu skólameistari, fulltrúi kennara, fulltrúi deildarstjóra, fulltrúi annarra starfsmanna skólans og tveir fulltrúar nemenda. Að auki vann aðstoðarskólameistari með hópnum.

Í stýrihópi haustannar 2007 voru Einar Birgir Steinþórsson skólameistari, Hrefna Geirsdóttir aðstoðarskólameistari, Unnar Örn Þorsteinsson kennari í ensku, Ragnheiður Kristjánsdóttir kennari í dönsku, Guðrún Á. Guðmundsdóttir kennari í fjölmiðlun og Sigurbjörg Anna Guðnadóttir kennari í stærðfræði. Verksvið þessa hóps var að ákveða hvað ætti að meta, stjórna og skipuleggja verkefni, afla gagna, greina gögn og skrifa matsskýrslur. Unnar Örn Þorsteinsson stýrði vinnu sjálfsmatshópsins.

Sjálfsmatshópurinn valdi að vinna afmörkuð verkefni með hliðsjón af vinnu síðasta árs og óskum sem fram komu á skólaárinu. Samkvæmt sjálfsmatsáætlun var framkvæmt áfangamat á raungreinasviði skólans. Á vorönninni var sjálfsmatsáætlun fylgt frekar eftir og frekari gögnum safnað um raungreinasviðið. Áfangamatið fólst í því að nemendur voru fengnir til þess að svara spurningalista um viðhorf þeirra til kennslu og náms á raungreinasviði skólans. Reynt var að miða við fimm stiga kvarða (+ + 0 - -) og var skoðað hvorum megin við 0 svörin féllu; þau svör sem féllu mínus megin voru álitin veikleiki en þau svör sem féllu plús megin voru álitin styrkleiki (Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004). Verkefnið móttaka nýrra starfsmanna var unnið á vorönninni 2008. Þessu verkefni eru gerð frekari skil í sérskýrslu (Sjálfsmat skólaárið 2006 – 2007).

Forvarnarverkefnið þetta árið miðaði að því að reyna að áætla umfang þátttöku nemenda í tölvuleikjum, hvort einhver vandamál væru í þeim efnum og þá hversu umfangsmikil þau gætu hugsanlega verið. Farið var yfir móttöku nýrra starfsmanna, og unnið var verkefni um mötuneyti skólans. Auk þess sem skoðað var hvernig gengi með samvinnuverkefnið við Tornbjerg-Gym í Danmörku. Verkefnið hlýtt á nemendur var unnið, venju samkvæmt, á vorönn 2008. Sviðsstjórar skiluðu inn samantekt úr skýrslum deilda í júní, 2008. Útskriftarnemendur voru spurðir um menntun, aðstöðu, félagslíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform.

Aðferð við mat

Gerð var ein könnun sem tengdist sjálfsmati á haustönninni 2007. Hún sneri að kennaramatinu sem lagt var fyrir hópa á raungreinasviði um miðjan nóvember (Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005) (viðauki 1).

Á vorönninni var kennaramatið endurtekið fyrir þá áfanga á raungreinasviði sem eingöngu voru kenndir á vorönn. Markmiðið með kennaramatinu var að kanna hversu vel kennsluáðferðir falla að þörfum nemenda. Spurt var um viðhorf nemenda til áfanga, námsefni, væntingar og markmið, notkun tímans og viðhorf til kennara (Arreola, R. A 1995; PISA 2002; PISA 2004; Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005) (viðauki 1).

Verkefnið móttaka nýrra starfsmanna var unnið á vorönninni. Viðtöl voru tekin við kennara sem hófu störf við skólann haustið, 2006 og 2007. Einnig voru tekin viðtöl við stjórnendur skólans, en öll viðtölin voru tekin frá febrúar til og með maí. Markmiðið með þessu verkefni var að reyna að meta ráðningaferlið, handbók kennara, aðstoð við að komast inn í starfið, útskýringu á starfsemi skólans, vinnuaðstöðu og móttöku almennt í skólanum (Sjálfsmat skólaárið 2006 – 2007) (viðauki 2).

Forvarnarverkefnið var unnið með aðstoð <http://www.zoomerang.com> í vor. Megin markmiðið með því verkefni var að athuga hve margir nemendur innan skólans gætu átt við tölvuleikjafíkn að stríða (Sjálfsmat skólaárið 2006 – 2007) (Guðmundur Á Skarphéðinsson, et. al, 2008 – óbirt grein).

Kennarar skrifuðu skýrslur fyrir hvern áfanga og sviðstjórar skiluðu inn samantekt úr þeim skýrslum í júní, 2008 (viðaukar 4, 5 og 6). Venju samkvæmt var reynt að fá upplýsingar um þróunar – og nýbreytnistarf innan skólans, samstarf innan deilda og samskipti við aðra, kennsluáætlanir, brotfall úr áföngum og próf (Lög um framhaldsskóla, 1996; Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005; Sjálfsmat skólaárið 2006 – 2007).

Verkefnið hlýtt á nemendur var lagt fyrir í apríl, 2008 með sama hætti og undanfarin ár. Markmiðið með þessum verkefnum er að reyna að draga fram helstu styrkleika og veikleika skólans – hvar skólinn stendur vel og hvað má betur fara út frá

viðhorfum nemenda. Þetta árið var námsálag, og mötuneyti skólans skoðað sérstaklega (viðauki 10).

Nemendur sem ætluðu að útskrifast vorið, 2008 voru spurðir um viðhorf þeirra til menntunar, aðstöðu til náms, félaglíf, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.zoomerang.com> (viðauki 11).

Viðhorf starfsmanna til vöruúrvals og þjónustu mötuneytisins í skólanum var skoðað vorið 2008. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.zoomerang.com> (viðauki 12).

Áhugi nemenda og viðhorf til samvinnuverkefnisins við Tornbjerg-Gym í Óðinsvéum í Danmörku var skoðuð haustið 2007 og vorið 2008. Þjónusta <http://www.zoomerang.com> var notuð til að vinna verkefnið.

Aðferðin við matið byggðist á eftirfarandi þáttum:

Þróun matstækja

Vali á þátttakendum

Gagnasöfnun

Greiningu gagna

Þróun matstækja

Við kennaramatið var stuðst við spurningar þróaðar af Arreola (1995), (McKeachie, 1999) (viðauki 1). Spurningalistinn stóð saman af fjölvalsspurningum og fjórum opnum spurningum. Sjálfsmatshópurinn valdi spurningar sem síðan voru þýddar yfir á íslensku samkvæmt leiðbeiningum Maxwell (1996a) og Mullis (1996). Spurningalistinn var forprófaður í einstaka nemendahópum. Tilgangurinn með forprófun var að kanna hvort spurningarnar svöruðu því sem leitað var eftir. Í öðru lagi kemur fram hvort þátttakendur skilja auðveldlega um hvað er verið að spyrja. Að síðustu segir forprófun til um hvort spurningarnar, sem lagðar eru fyrir nemendur, veiti þær upplýsingar sem leitað er eftir (Airasian, 2007, Whitley 1996; Creswell 2001).

Í mati á móttöku nýrra starfsmanna var spurt um ráðningaferlið, handbók kennara, aðstoð við að komast inn í starfið, útskýringu á starfsemi skólans, vinnuaðstöðu og

móttöku almennt í skólanum. Reynt var að draga fram styrkleika, veikleika, hvað mætti betur fara og að síðustu annað. Bakgrunnur verkefnisins er að mestu leiti sóttur í sjálfsmatsskýrslur skólans síðastliðin ár (Sjálfsmat skólaárið 2006 – 2007).

Undanfarin ár hafa forvarnarverkefnin verið stór og fjallað almennt um heilbrigðan lífstíl ungs fólks. Skólaárið 2007 -2008 var ákveðið að þrengja verkefnið töluvert niður og reyna að skoða dýpra þátttöku ungs fólks í tölvuleikjum. Verkefnið var lagt fyrir rafrænt með aðstoð <http://www.zoomerang.com> vorið 2008 (Guðmundur Á. Skarphéðinsson, et. al, 2008 – óbirt grein) (viðauki 2).

Kennarar skrifuðu skýrslur fyrir hvern áfanga og sviðstjórar skiluðu inn samantekt úr þeim skýrslum í júní, 2007 (viðaukar 4, 5 og 6). Venju samkvæmt var reynt að fá upplýsingar um þróunar – og nýbreytnistarf innan skólans, samstarf innan deilda og samskipti við aðra, kennsluáætlanir, brotfall úr áföngum og próf (Lög um framhaldsskóla, 1996; Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005; Sjálfsmat skólaárið 2006 - 2007). Auk þess sem sviðsstjórar hafa sett in liði sem þeim þykir viðeigandi fyrir sérhvert svið. Má þar sérstaklega nefna liðin gagnlegar athugasemdir úr skýrslum fagstjóra.

Í verkefninu hlýtt á nemendur voru nemendur spurðir um álag og mötuneyti skólans. Eins og undanfarin ár var verkefnið lagt fyrir í apríl mánuði. Nemendur sem ætluðu að útskrifast vorið, 2007 voru spurðir um viðhorf þeirra til menntunar, aðstöðu til náms, félaglífs, veru sína í skólanum og framtíðaráform. Verkefnið var lagt fyrir með aðstoð <http://www.zoomerang.com>. Útskriftarnemendur fengu sendan rafpóst frá aðstoðarskólameistara sem í var krækja á vefsíðu. Á þessari vefssíðu voru nemendur beðnir um að svara fjölvalsurningum um ofangreinda þætti.

Síðustu verkefnin sem unnin voru í sjálfsmati skólaárið 2007 – 2008 sneru annars vegar að mötuneyti skólans og hins vegar að samstarfsverkefni sem Flensborgarskólinn í Hafnarfirði á við Tornbjerg-Gym í Óðinsvéum í Danmörku. Bæði verkefnin voru lögð fyrir með rafrænum hætti með aðstoð <http://www.zoomerang.com>

Val þáttakenda

Við kennara/áfangamatið svöruðu nemendur spurningunum hjá kennurum raungreinasviðs (Sjálfsmat skólaárið 2001 – 2002 ; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005; Sjálfsmat skólaárið 2006 – 2007). Allir nýir starfsmenn sem komu til starfa haustið 2006, haustið 2007 voru teknir í viðtöl vegna verkefnisins móttaka nýrra starfsmanna. Stjórnendur; skólameistari, aðstoðarskólameistari og sviðstjórar voru auk þess teknir í viðtöl (Sjálfsmat skólaárið, 2006 – 2007). Öllum nemendum skólans var boðin þátttaka í forvarnarverkefninu (Sjálfsmat skólaárið, 2006 – 2007; Flanagan 1954; 1949; Fullan 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996b; McNiff 2001). Kennarar voru beðnir um að skrifa sjálfsmatskýrslu fyrir hvern áfanga fyrir sig. Þeim skrifum var ætlað að liggja til grundvallar skýrslum deilda (Airasian 1997; Lög um framhaldsskóla, 1996). Verkefnið hlýtt á nemendur var lagt fyrir á vordögum 2008. Öllum nemendum skólans í F stokki ¹var boðin þátttaka í verkefninu hlýtt á nemendur. Öllum útskriftarnemendum vorið 2008 var boðin þátttaka í verkefninu útskriftarnemar vorið, 2008. Öllum starfsmönnum skólans var boðin þátttaka í athugun á mötuneyti skólans, vöruúrvali og þjónustu. Nemendum sem þátt tóku í samstarfsverkefninu við Tornbjerg-Gym var boðin þátttaka í mati á því verkefni.

Gagnasöfnun

Áfangamatskönnunin var lögð fyrir nemendur í annarri viku nóvembermánaðar árið 2007. Þessi könnun verður endurtekin fyrir þá áfanga sem einungis eru kenndir á vorönn 2008. Að þessu sinni var verkefnið unnið rafrænt í gegnum innra net skólans. (Creswell 2001; Sjálfsmat skólaárið 2001 - 2002; Sjálfsmat skólaárið 2002 – 2003; Sjálfsmat skólaárið 2003 – 2004; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005; Sjálfsmatið skólaárið 2006 – 2007). Þeir kennarar, sem áhuga höfðu, gátu lagt matið fyrir alla sína áfanga bæði á haust- og vorönn. (Framhaldsskólalög 1996; Fullan 1999; Iwanicki 2001; Iwanicki 1990; Marrow 1969; Maxwell 1996b; McKeachie 1999; McNiff 2001).

Þátttakendur í verkefninu móttaka nýrra starfsmanna voru teknir í viðtöl sem hófust í febrúar mánuði árið 2008 og lauk í maí mánuði sama ár. Í viðtölunum var reynt

□

¹ F stokkur: eingöngu nemendur sem skráðir eru í tíma í þessum stokki tóku þátt í verkefninu hlýtt á nemendur

að draga fram styrkleika, veikleika, hvað má betur fara og annað út frá ráðningaferlinu í skólanum, handbók kennara, aðstoð við að komast inn í starfið, útskýringu á starfsemi skólans, vinnuaðstöðu og móttöku almenn í skólanum. Viðtölin voru tekin upp á rafrænu formi auk þess sem þau voru skráð (Airasian, 2007, Flanagan 1949;1954; Fullan; 1999; Denzin og Lincoln 1998; Maxwell 1996b; McNiff 2001; Sjálfsmat skólaárið 2004 – 2005; Sjálfsmat skólaárið 2006 – 2007). Sjálfsmatsstjóri sá um flokkun ganga og skráningu.

Forvarnar/lífsstíls verkefnið var unnið á vorönn 2008. Þetta árið var reynt að meta umfang þátttöku nemenda Flensborgarskólans í Hafnarfirði í tölvuleikjum (Guðmundur Á. Skarphéðinsson, et. al, 2008 – óbirt grein).

Verkefnið hlýtt á nemendur var unnið á vordögum, 2008. Í verkefninu hlýtt á nemendur voru nemendur spurðir um álag og mótuneyti skólans. Aðstoðarskólameistari og skrifstofa skólans sá um söfnun gagna úr verkefninu hlýtt á nemendur, og sjálfsmatsstjóri sá um frekari úrvinnslu og samantekt í þessari skýrslu (viðauki 10). Öllum útskriftarnemendum vorið 2008 var boðin þátttaka í verkefninu útskriftarnemar vorið, 2007. Verkefnið var lagt fyrir á rafrænu formi með aðstoð <http://www.zoomerang.com> í lok vorannar, 2008 (viðauki 11).

Aðstoðarskólameistari og matráðskona skólans bjuggu til spurningarnar um viðhorf starfsmanna til mótuneytis skólans og þjónustu (viðauki 12). Aftur á móti sá umsjónarmaður samstarfsverkefnisins milli Flensborgarskólans í Hafnarfirði og Tornbjerg-Gym í Óðinsvéum um að búa til þær spurningar sem lagðar voru fyrir þá nemendur sem þátt tóku í því verkefni (viðauki 13). Bæði verkefni voru lögð fyrir á rafrænu formi með aðstoð <http://www.zoomerang.com> í lok vorannar, 2008.

Sviðsstjórar sáu um vinnu við skýrslur deilda og var samantekt úr þeim skilað inn í júní, 2008. Grunnurinn að skýrslum deilda er sóttur í Lög um framhaldsskóla frá árinu 1996 (viðaukar 4, 5 og 6).

Greining gagna

Eftir að söfnun gagna úr kennara/áfangamatinu lauk sá sjálfsmatsstjóri um að lesa gögnin, greina þau og búa til tíðnitöflur fyrir hverja spurningu. Skólameistari og sjálfsmatsstjóri sáu um frekari greiningu þessara gagna. Sjálfsmatsstjóri sá um flokkun og greiningu ganga úr verkefninu móttaka nýrra starfsmanna, sem og forvarnarverkefninu. Sviðsstjórar lásu skýrslur deilda og unnu gagnlegar upplýsingar úr þeim. Sjálfsmatsstjóri og aðstoðarskólameistari unnu greiningu ganga varðandi athugun á mötuneyti skólans. Sjálfsmatsstjóri skólans sá um skráningu ganga varðandi hlýtt á nemendur, en sjálfsmatsstjóri og skólameistari sáu um frekari greiningu þeirra gagna. Sjálfsmatsstjóri sá um greiningu gagna úr verkefninu útskriftarnemar vorið 2008 og mati á samvinnuverkefninu sem skólinn á við Tornbjerg-Gym í Óðinsvéum.

Útkoma

Í matsyfirliti þessarar skýrslu kemur fram útkoma úr lokuðu spurningunum í áfangamatinu. Hér, aftur á móti, verður aðeins fjallað um útkomu úr opnu spurningunum í áfangamatinu.

Opin spurning í áfangamatinu – Hvað líkaði þér best við þennan áfanga? Hér nefndu nemendur góða kennsluáætlun sem fylgt er eftir, skipulag námsins og kennsluaðferðir. Nemendur lýstu ánægju með skilaverkefni og glósur frá kennurum. Auk þess virðast nemendur sáttir með kennslustofur, stóla og borð. Einnig tóku nemendur fram að tillitsemi og hjálpsemi kennara létti þeim námið og auðveldi samskipti í áfanganum.

Opin spurning í áfangamatinu – Hvað líkaði þér verst við þennan áfanga? Nemendur nefndu álag, og truflun frá öðrum nemendum í kennslustundum sem þætti sem þeim líkaði ekki vel. Kvartað var aðeins yfir tölvubúnaði skólans, viðhorfi kennara til nemenda og að kennslubókin væri erfið.

Opin spurning í áfangamatinu – Hvernig heldur þú að hægt sé að bæta þennan áfanga? Undir þessum lið bentu nemendur á að gott væri að fá betri upplýsingar vegna ritgerða, fara mætti í vettvangsferðir og laga mætti aðstöðu til tilrauna. Viðhorf til nemenda mætti vera jákvæðara, og tölvuaðstaðan mætti vera betri.

Opin spurning í áfangamatinu – Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram? Hér nefndu nemendur að kennarar væru góðir. Tölvukerfi skólans þarf að vera í lagi, og stundum væri of mikil truflun í tímum, læti og hávaði.

Nýir starfsmenn segja að ráðningaferlið virðist í góðu lagi og að gott sé að hafa aðgang að kennarahandbókinni. Almenn er aðstoð við að komast inn í starfið ágæt, sem og útskýring á starfsemi skólans. Vinnuaðstaðan í skólanum er ágæt og viðtökur í skólanum góðar. Hins vegar er bent á að í sumum tilvikum var ákvörðun um ráðningu tekin seint en slíkt kemur sér illa gagnvart fyrrum vinnuveitanda. Bent er á að kennarahandbókin er ekki mikið notuð og að vinnuaðstaðan mætti vera rýmri. Gott væri að í skólanum væri verkefnastjóri eða tengiliður sem nýir starfsmenn gætu leitað til ef þörf þykir á. Þjálfar mætti nýja starfsmenn betur í notkun innu og námsnetsins, auk þess sem það mætti funda með nýjum kennurum, senda póst og áminningar þegar að viðburðum í skólanum kemur. Hér nefndu þátttakendur að ekkert væri að því að ítreka áminningar um fjarvistir, hvaða reglur gilda um frí nemenda í skólanum eftir böll og hvaða hlutverk kennarar hafa t.d. þegar kemur að Vakningardögum og árshátíð nemenda. Undir liðin annað taka nýir starfsmenn fram að auðvelt sé að leita sér upplýsinga, að mötuneytið mætti vera betra og að minna kennara á að nota „reply to all“ ekki of mikið.

Útkoman úr forvarnarverkefninu bendir til þess að um það bil 30 til 35 nemendur eigi við vanda að stríða þegar kemur að þátttöku í tölvuleikjum. Meirihluti nemenda virðist taka einhvern þátt í tölvuleikjum. Eftirtektarvert er að allir þátttakendur (nemendur) í verkefninu um samstarfið við Tornbjerg-Gym í Óðinsvéum vilja halda samstarfinu við þann skóla áfram.

Skýrslur deilda – Félagsgreinasvið. Margir kennarar kvarta undan lélegri mætingu nemenda og kenna þar um vinnu með skóla, þátttöku í félagslífi innan skólans og námsferða til útlanda. Tækjasalurinn í íþróttahúsinu við Strandgötu er vanbúin tækjum. Viðskiptagreinakennarar vilja læstar hirslur í sínar stofur. Kennarar félagsgreina vilja DVD tæki, vídeó með teljara, heimskort og Íslandskort í stofur sínar. Að síðustu þá hafa kennarar upplýsinga og fjölmiðlabrautar áhuga á að lengja sérsviðið innan brautarinnar úr einni önn í tvær.

Skýrslur deilda – Náttúrufræðasvið. Í skýrslu líffræðikennara síðastliðið vor kom fram ósk um að saga beinagrindar skólans væri skráð. Í sömu skýrslu kom líka fram áhugi á því að plöntu og skeljasafni skólans væri betur fyrir komið. Í skýrslum vorið 2008 koma fram áhyggjur af vankunnáttu nemenda við ritun heimildaritgerða. Að auki lýsa raungreinakennarar yfir áhyggjum af sleppikerfi vegna þess að nemendur geta valið sig frá áföngum sem í eru lokapróf. Raungreinakennarar spyrja hvort ekki eigi að gera almennar lágmarkskröfur til nemenda sem fara erlendis á vegum skólans eða taka þátt í verkefnum fyrir skólann. Að lokum þá spyr stærðfræðikennari hvort ekki megi víkja nemendum sem stunda námið illa úr áföngum.

Skýrslur deilda – Málasvið. Fram kemur að kennarar í dönsku útbúa eigið námsefni og gengur vel að vinna með það. Unnið er að því að kennarar í dönsku komi inni samvinnuverkefnið við Tornbjerg-Gym í Óðinsvéum. Fram að þessu hefur þetta verkefni verið samþætt með félagsgreinakennara (Saga), kennara af málasviði (Enska) og kennurum af raungreinasviði (Eðlisfræði og Stærðfræði). Enskukennarar hafa átt samstarf við kennara í grunnskólum bæjarins. Kennari í frönsku hefur verið í samstarfi við kennara í Menntaskólanum við Sund. Að síðustu þá er kvartað yfir því að nemendur hafi tilhneigingu til að eigna sér verkefni af vefnum, og að hópar í hægferðum séu of stórir. Byrjunarhópar í frönsku og spænsku hafa reynst kennurum erfiðir.

Í verkefninu hlýtt á nemendur kemur fram að námsálag sé hóflegt, en þó beri að reyna að dreifa verkefnum betur og jafna vinnuálag yfir önnina. Almenn nýta nemendur mötuneytið og eru ánægðir með þjónustuna. Vöruúrval mætti vera betra og nemendur vilja hafa val um það hvort þeir neyti hollustu eða óhollustu. Ennþá er kvartað yfir kulda í matsalnum, og að verðlag í mötuneytinu sé hátt.

Viðhorf útskriftarnema til þeirrar menntunar sem þeir fá er gott. Aðstaða til náms er góð. Útskriftarnemar eru ekki tilbúnir til þess að taka sterka afstöðu til félagslífs, er eru þó í heild ánægðir með veru sína í skólanum. Fjörtíu og sjö prósent þátttakenda hyggur á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi, 32% þátttakenda hyggur ekki á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi og 21% hefur ekki ákveðið sig.

Í verkefninu um mötuneyti skólans kemur fram að meirihluti (63%) þátttakenda er sjaldan eða aldrei ánægður með mötuneytið. Meirihluti þátttakenda (88%) vill fjölbreytt úrval í mötuneytinu. 55% þátttakenda er ekki ánægður með fæðið og 39% þátttakenda

vill sérþæði. Meirihluti þátttakenda (66%) vill þanta sé mat fyrir vikuna ef það lækkar verð. Undir liðin annað taka starfsmenn fram að þjónustan sé góð, en verðlag hátt.

Áhugi nemenda á samvinnuverkefninu við Tornbjerg-Gym í Óðinsvéum í Danmörku er mikill. Allir þátttakendur (nemendur) í verkefninu vilja halda því áfram.

Niðurstöður/Umræða

Áfangamatið var lagt fyrir á raungreinasviði skólans í lok haustannar, 2007 og endurtekið í lok vorannar fyrir þá áfanga sem ekki voru kenndir á haustönn. Útkoman bendir ekki til þess að þörf sé sérstakra aðgerða fyrir raungreinasvið. Fram kemur að nemendur fá reglulega vitnisburð um námslega stöðu sína í raungreinum. Lesefni áfangana reynir á nemendur og þeir segja að þeir leggi sig fram við námið. Kennarar á raungreinasviði eru sveigjanlegir. Frekar auðvelt er að skilja lesefni áfangana og verkefni hjálpa nemendum að skilja námsefnið betur. Nemendur segja að námsefnið sé þeim ekki erfitt. Markmið áfangana eru vel útskýrð og námsefnið fellur vel að markmiðum áfangana. Kennarar nýta kennslustundirnar vel og auðvelt er að spyrja spurninga í tímum. Nauðsynlegt er að mæta í tíma til að ná góðum tókum á námsefninu, en nemendur eru ekki alveg tilbúnir til að viðurkenna að þeir búi sig vel undir tíma. Kennarar fylgja kennsluáætlunum vel eftir, nemendur eru ánægðir með kennara og áfangarnir á raungreinasviði eru góðir. Rétt er að benda á að nemendur telja að mögulegt sé að veita betri upplýsingar vegna ritunar heimildaritgerða. Bæta má aðstöðu til tilrauna, fara í vettvangsferðir og viðhorf til nemenda mætti vera betra.

Í viðtölum við nýja starfsmenn sem ráðnir voru til starfa haustið 2006 og haustið 2007 kemur fram að ráðningarferlið virðist í góðu lagi. Í viðtölum við stjórnendur kemur fram að ekki sé vitað annað en farið sé eftir þeim reglum sem gilda um ráðningu nýrra kennara til starfa í framhaldsskólum. Auk þess sem viðtöl við umsækjendur mættu vera á stöðluðu formi Þátttakendur segja að aðstoð við að komast inn í starfið og útskýring á starfsemi skólans sé ágæt. Almennt er vinnuaðstaða og móttaka í skólanum ágæt. Hins vegar er bent á að í sumum tilfellum var ákvörðun um ráðningu tekin seint og það kom sér illa fyrir fyrrum vinnuveitanda viðkomandi. Þó gott sé að hafa kennarahandbókina þá kemur fram að hún er ekki mikið notuð og fólk leitar frekar til samstarfsfélaga eftir

upplýsingum en að fletta upp í kennarahandbókinni. Einnig kom fram að vinnuaðstaðan mætti vera rýmri. Þátttakendur sögðu að gott væri að hafa einhvern tengilið, verkefnastjóra eða umsjónarmann með móttöku nýrra starfsmanna. Æskilegt væri að kynna nýjum starfsmönnum betur tölvukerfi skólans, innu og námsnetið. Auk þess sem funda mætti stuttlega með nýjum kennurum í kringum viðburði í skólanum og það sem á döfinni er hverju sinni. Hér voru nefnd dæmi um vakningardaga, árshátíð og venjuleg vinnuferli við skráningu fjarvista og þær reglur sem þar um gilda. Aðeins var minnst á að mötuneytið mætti vera betra, og að minna mætti kennara á að nota „reply to all“ ekki of mikið.

Megin tilgangurinn með forvarnarverkefninu var að reyna að gera sér grein fyrir mögulegu umfangi tölvufíknar í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði. Meirihluti nemenda virðist taka einhvern þátt í tölvuleikjum. Svo virðist sem um það bil 30-35 nemendur, varlega áætlað, geti átt við einhverskonar vanda eða fíkn að eiga þegar kemur að þátttöku í tölvuleikjum. Útkoman úr þessu verkefni var kynnt nemendaverndarráði skólans til umræðu og aðgerða.

Félagsgreinakennarar hafa áhyggjur af lélegri mætingu nemenda og kenna þar um vinnu með námi, þátttöku í félagslífi í skólanum og tíðum ferðalögum til útlanda. Tækjasalurinn í íþróttahúsinu er vanbúinn tækjum að mati íþróttakennara. Viðskiptagreinakennarar vilja betri hirslur í sínar stofur. Kennarar í félagsgreinum vilja að til staðar sé DVD tæki, vídeó tæki með teljara ásam íslands og alheimskorti í þeim stofum sem félagsgreinar eru kenndar. Kennarar í upplýsinga og fjölmiðlabraut vilja lengja sérsvið brautarinnar úr einni önn í tvær. Kennarar í raungreinum hafa áhyggjur af vankunnáttu nemenda við ritun heimildaritgerða. Raungreinakennari lýsir yfir áhyggjum af sleppikerfi vegna þess að nemendur geti valið sig frá áföngum sem í eru lokapróf. Raungreinakennarar spyrja hvort ekki eigi að gera lágmarkskröfur til nemenda sem fara erlendis á vegum skólans eða taki þátt í verkefnum fyrir skólann. Kennarar í dönsku búa til og kenna eigið námsefni. Enskukennarar hafa átt í samstarfi við kennara í grunnskólum bæjarins og tekið þátt í þverfaglegu samstarfi við Tornbjerg-Gym í Óðinsvéum. Samstarf hefur verið milli MS og Flensborgarskólans í frönsku. Eitthvað ber á því að nemendur eignu sér verkefni af vefnum og kvartað er yfir því að hópar í hægferðum séu of stórir.

Hlýtt á nemendur – Yfir höfuð finnst nemendum námsálag vera hóflegt en benda aftur á móti á að gott væri að dreifa verkefnum og prófum yfir önnina betur en gert er. Þetta á ekki sérstaklega við kennara á raungreinasviði heldur alla. Almennt nýta nemendur mötuneytið og finnst þjónusta þess góð. Nemendur benda þó á að vöruúrval mætti vera betra, og þeim gefin kostur á vali milli óhollustu og hollustu. Kvartað er yfir verðlagi í mötuneytinu og að það sé kalt í matsalnum.

Viðhorf útskriftarnema til þeirrar menntunar sem þeir fá er gott, sem og aðstaða til náms. Útskriftarnemar taka ekki sterka aðstöðu til félagslífs í skólanum. Aftur á móti virðist sem nemendur eru ánægðari með félagslífið þetta skólaár heldur en skólaárið 2006 – 2007. Fjörtíu og sjö prósent (47%) útskriftarnema hyggur á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi miðað við 41% skólaárið 2006-2007. Þrjátíu og tvö prósent (32%) hyggur ekki á háskólanám strax að loknu stúdentsprófi miðað við 22% skólaárið 2006 – 2007. Tuttugu og eitt prósent (21%) nemenda hefur ekki ákveðið hvað við tekur að loknu stúdentsprófi nú þegar útskrifað er að vori 2008. En 37% nemenda sem útskrifuðust vorið 2007 voru ekki búnir að ákveða hvað við tæki að loknu stúdentsprófi. Óvarlegt er að leggja eitthvað mat á þessar tölur þar sem þátttakendur eru ekki það margir, hins vegar virðist sem um það bil helmingur nemenda Flensborgarskólans í Hafnarfirði fari í háskólanám strax að loknu stúdentsprófi.

Í verkefninu um mötuneyti skólans sem beint var til starfsmanna kemur fram að meirihluti þátttakenda (63%) er sjaldan eða aldrei ánægður með mötuneytið. Rétt rúmlega helmingur þáttakenda (55%) er ekki ánægður með fæðið, og meirihluti (88%) þáttakenda vill fjölbreytt vöruúrval. Minnihluti þáttakenda (39%) vill sérfæði, og meirihluti þáttakenda vill þanta sér mat fyrir vikuna ef það lækkar verð. Undir liðin annað taka starfsmenn fram að þjónustan sé góð en verðlag hátt. Fljótt á litið virðist sem starfsmenn séu ekki eins ánægðir með mötuneytið og nemendur.

Áhugi nemenda fyrir samstarfinu við Tornbjerg-Gym er mikill. En allir þátttakendur (nemendur) í mati á því samstarfi vilja halda því áfram. Ekki var lagt formlegt mat á viðhorf kennara til verkefnisins en nú er ljóst að þeir kennarar sem stóðu að þessu þverfaglega verkefni ætla ekki að halda því áfram. Unnið er að því að reyna að fá kennara í dönsku til að taka þetta verkefni inn í sína kennslu.

Sjálfsmatshópur Flensborgarskólans í Hafnarfirði hefur ákveðið að skilgreina framfarir eða virðisauka innan skólans sem eigindlega spurningu frekar en meginlega. Þannig fæst með einföldum hætti ágætt mat á virðisauka og framförum nemenda innan skólans þar sem bakgrunnur matsins eru þau verkefni sem nemendur vinna og sú reynsla sem kennarar hafa af samvinnu og samstarfi við nemendur. En í útskrift skólans vorið 2008 var nemanda veitt viðurkenning sem byggði á þessu mati (Svavar S. Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason, 2005; Doran, 2004; Denzin og Lincoln, 2000).

Lokaorð, umræða og ábendingar

Ákveðnir liðir virðast hafa öðlast fastan sess í sjálfsmati Flensborgarskólans í Hafnarfirði. Skýrslur deilda eru teknar saman á hverju skólaári. Skólaárið 2007 – 2008 fór fram áfangamat fyrir raungreinasvið skólans og skólaárið 2008 – 2009 fer fram áfangamat fyrir málavíð skólans. Auk þess segir í langtíma sjálfsmatsáætlun skólans að komið sé að því að skoða þjónustu bókasafnsins aftur. Hlýtt á nemendur er verkefni sem lagt er fyrir á hverju vori. Útskriftarnemar skólans á vorönn hafa verið spurðir um menntun, aðstöðu til náms og félagslíf í skólanum. Í stað verkefnisins hlýtt á kennara var móttaka nýrra starfsmanna skoðuð. Verkefni, sem snúa að forvörnum og lífsstíl nemenda eru lögð fyrir á svo til hverju ári, auk þess sem önnur sjálfsmatsverkefni eru lögð fyrir hagsmunaaðila skólans eftir því sem þurfa þykir og tækifæri gefast til. Hér má nefna verkefni sem sneri að mati á mötuneyti skólans, sem og mati á samstarfsverkefni við Tornbjerg-Gym í Óðinsvéum.

Það er álit sjálfsmatsstjóra að vinna við mat á móttöku nýrra starfsmanna hafi gengið vel. Spurning er hvort ekki verði beitt svipaðir aðferðarfræði við lausn svipaðra verkefna sem kunna að falla til á skólaárinu 2008 – 2009. Hér má t.d. nefna mat á dreifnámi, og móttöku þeirra nemenda sem koma í skólann af landsbyggðinni. Í þessum verkefnum mætti reyna að draga fram hvað sé vel gert, hvað megi betur fara, hvernig við getum bætt okkur og annað það sem viðkomandi viðföng álíta að skipti máli og þurfi að koma fram.

Þó svo búið sé að fella samræmd stúdentspróf úr löggjöf um framhaldsskóla þykir ekki ástæða til þess að fella hugmyndir um mælingu virðisauka alveg út úr þessari

skýrslu. Vera má að tækifæri til þessara mælinga séu nú þegar fyrir hendi með athugun á rafrænum skráningum um námsmat í Innu. En í grein sinni „Adding Value to Accountability“ dregur Doran (2003) fram helstu þætti sem þurfa að vera fyrir hendi til þess að mögulegt sé að mæla virðisauka í námi nemenda. Þar heldur hann því fram að forsendur mælinga á virðisauka séu að próf fari fram árlega, að gagnaskráning sé rafræn, að nemendur og kennarar hafi sínar kennitölur, að fjöldi nemenda í hverju prófi, frá hverjum skóla sé nægilegur til þess að marktæk tölfræðileg úrvinnsla geti farið fram, og að búin sé til mælistika sem geti mælt virðisauka í námi nemenda. Því er rétt að athuga hvort rétt sé að gera tilraun til þess að athuga hvort nægjanlegar upplýsingar liggi fyrir í Innu til þess að mögulegt sé að meta virðisauka í námi nemenda. Auk þess sem vera má að mögulegt sé að leggja einhvers konar verkefni fyrir nýnema skólans, sem nemendur síðan leysa aftur í lok námstíma síns. Þannig opnast möguleiki til þess að mæla virðisauka út frá svipuðum forsendum og mögulegt er að gera í PISA verkefninu (PISA, 2002; PISA, 2004). Þess utan má vera að samanburður á einkunnum nemenda gefi vísbendingu um framfarir í námi (Svavar S. Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason, 2005). Því er lagt til að reyna með einföldum hætti helst með aðstoð innu og samræðu meðal kennara að draga fram vísbendingar um framfarir í námi. Sjálfsmatshópur Flensborgarskólans í Hafnarfirði hefur ákveðið að skilgreina framfarir eða virðisauka innan skólans sem eigindlega spurningu frekar en meginlega. Þannig fæst með einföldum hætti ágætt mat á virðisauka og framförum nemenda innan skólans þar sem bakgrunnur matsins eru þau verkefni sem nemendur vinna og sú reynsla sem kennarar hafa af samvinnu og samstarfi við nemendur. En í útskrift skólans vorið 2008 var nemandi veitt viðurkenning sem byggði á þessu mati (Svavar S. Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason, 2005; Doran, 2004; Denzin og Lincoln, 2000).

Sjálfsmatshópur Flensborgarskólans í Hafnarfirði hefur ákveðið að skilgreina framfarir eða virðisauka innan skólans sem eigindlega spurningu frekar en meginlega. Þannig fæst með einföldum hætti ágætt mat á virðisauka og framförum nemenda innan skólans þar sem bakgrunnur matsins eru þau verkefni sem nemendur vinna og sú reynsla sem kennarar hafa af samvinnu og samstarfi við nemendur. En í útskrift skólans vorið 2008 var nemandi veitt viðurkenning sem byggði á þessu mati (Svavar S.

Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason, 2005;
Doran, 2004; Denzin og Lincoln, 2000).

Heimildir

- Airasian, P.W., Gullickson, A.R. (1997). *Teacher Self Evaluation-Tool Kit*. Corwin Press, Inc. Thousand Oaks, CA. USA.
- Airasian, P.W., Gay, L.R., Geoffrey, E. M. (2007) *Educational Research – Competencies for Analysis and Applications*. Prentice Hall. MJ.
- Angelo, T.A., & Cross, K.P. (1994). *Classroom Assessment Techniques: A Handbook for College Teachers*. Jossey-Bass. San Francisco. USA.
- Arreola, R.A. (1995). *Developing a Comprehensive Faculty Evaluation System: A Handbook for College Faculty and Administrators on Designing and Operating a Comprehensive Faculty System*. Anker Publishing Company. Bolton, MA. USA.
- Creswell, J.W. (2002). *Educational Research: Planning, Conducting, and Evaluating Quantitative and Qualitative Research*. Prentice Hall. N.Y.
- Denzin, N.K & Lincoln Y.S (Eds) (2000). *Handbook of qualitative Research*. Sage Publications, Inc., Thousand Oaks, CA. USA.
- Doran, H.C. (2004). Adding Value to Accountability. *Educational Leadership*. 61 (3), Nov. 55- 59.
- Flanagan, J.C. (1949). A New Approach to Evaluating Personnel. *Personnel*, 26, 35-42.
- Flanagan, J.C. (1954). The Critical Incident Technique. *Psychological Bulletin*, 51 (4), 327-358.
- Fullan, M. (1999). *Change Forces: The Sequel*. Falmer Press. Philadelphia, PA. USA.
- Guðmundur Á. Skarphéðinsson, Soffía Elísabet Pálsdóttir, Daníel Þór Ólason. (2008) Mat á tölvuleikjavanda: Prófræðilegir eiginleikar í úrtaki framhaldsskólanema og tengsl tölvuleikjavanda við tölvuleikjategundir. Óbirt grein.
- Iwanicki, E. (2001). *Focusing Teacher Evaluations on Student Learning*. Educational Leadership. Feb. 57-59.
- . (1990). "Teacher Evaluation for School Improvement." *The new handbook on teacher evaluation*. Newbury Park, CA: Sage. 159-171.

<http://www.zoomerang.com>

Lög um framhaldsskóla frá 1996. Alþingi. Nr. 80. 11. júní.

- Mbl.is, 5. apríl, 2006. *Ákvæði um samræmd stúdentspróf verði afnumin*. Sótt í rafrænt gagnasafn Morgunblaðsins þann 11 apríl. Mbl.is/Árvakur hf, 2006.
- Marrow, A. J. (1969). *The Practical Theorist: The Life and Work of Kurt Lewine*. Basic Books, Inc., Publishers, New York, NY.
- Maxwell, B (1996) (a). „Translation and Cultural Adaptation of the Survey Instruments” í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.
- Maxwell, A. J. (1996) (b). *Qualitative Research Design: An Interactive Approach*. Sage Publications, Inc. Thousand Oaks, CA.
- Mullis, I.V.S., Kelly, D.L., & Haley, K. (1996). „Translation Verification Procedures” í M.O. Martin and D.L Kelly (eds.), *Third International Mathematics and Science Study (TIMSS) Technical Report, Volume I: Design and Development*. Chestnut Hill, MA: Boston College.
- McKeachie, W.J. (1999). *Teaching Tips: Strategies, Research, and Theory for College and University Teachers*. Houghton Mifflin Company. MA. USA.
- McNiff, J, Pamela Lomax, and Jack Whitehead. (2001). *You and Your Action Research Project*. Routledge. London.
- PISA. (2002). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2000. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.oecd.org/dataoecd/44/32/33691620.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í upphafi árs 2002.
- . (2004). *Knowledge and Skills for Life: First Results from PISA 2003. Executive Summary*. Organization for Economic Co-Operation and Development. <http://www.pisa.oecd.org/dataoecd/1/63/34002454.pdf>. Sótt á veraldarvefninn í lok árs 2004.
- Svavar S. Guðfinnsson, Arnheiður Árnadóttir, Sverrir Þórisson, Sigurgrímur Skúlason. (2005). *Að lesa úr framfarayfirliti: Handbók um túlkun*. Námsmatsstofnun. [Http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/serstakar/skyrsla_final_0501.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/skyrslur/serstakar/skyrsla_final_0501.pdf). Sótt á veraldarvefninn vorið 2007.
- Unnar Örn Þorsteinsson. Sjálfsmat skólaárið 2001-2002. (2002). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2001-2002.
- . Sjálfsmat skólaárið 2002-2003. (2003). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2002-2003.
- . Sjálfsmat skólaárið 2003-2004. (2004). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2003-2004.

- . Själfsmat skólaárið 2004-2005. (2005). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2004-2005.
- . Själfsmat skólaárið 2005-2006. (2006). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2005-2006.
- . Själfsmat skólaárið 2006-2007. (2007). Skýrsla sjálfsmatshóps skólaárið 2006-2007.
- Whitley, Bernard E, JR. (1995). *Principles of Research In Behavioral Science*.
Mayfield Publishing Company. Mountain View, CA. USA.